





# Stuðningur við nemendur og starfsfólk

**Jákvæðni og stuðningur** Þegar kreppir að eins og nú skiptir miklu máli að að sýna stuðning og samkennd. Við erum öll að glíma við erfiðleika vegna fjármálahrunsins. Ef staða okkrar sjálfra er þolanleg þá þekkjum við að minnsta kosti öll vini og ættingja sem eiga í verulegum erfiðleikum. Jákvætt viðhorf, samkennd og stuðningur getur létt okkur öllum lífið.

**Námsráðgjöf** Skólinn ákvað í kjölfar bankahrunsins 2008 að bæta við námsráðgjöf í skólanum. Í dag er námsráðgjöfin samtals 1,8 stöðugildi. Ekki er á áætlun að draga aftur úr ráðgjöfinni. Bæði er það vegna þess að skólinn er að undirbúa nýtt kerfi sem þarfnast meiri kynningar og áhrif kreppunnar birtast m.a. í auknu losi og vanlíðan hjá nemendum.

**Stoðkennsla** Öllum nemendum á fyrsta og öðru námsári er boðið upp á ókeypis aðstoð við stærðfræðinámið einu sinni í viku. Reynt verður að bjóða upp áfram upp á stoðkennslu.

**Heilsuefling** Skólinn hefur um margra ára skeið boðið starfsfólki upp á ókeypis íþróttáæstöðu tvisvar í viku. Áframhald verður á þessu. Haustið 2008 var gert átak í því að hvetja nemendur og starfsfólk til þess að ganga eða hjóla til vinnu. Áfram verður hvatt til heilbrigðs ferðamáta og aukinnar hreyfingar.

**Félagslíf** Menntaskólinn við Sund leggur áherslu á að styðja við heilbriggt og kröftugt félagslíf nemenda við skólann. Skólinn hefur í mörg ár haft tvo félagsmálafulltrúa sem tengiliði við nemendafélagið. Þá hefur skólinn skipulagt opna fundi með nemendum skólans þar sem rædd hafa verið þau mál sem hæst bera hverju sinni. Framhald verður á þessu. Þá hefur skólinn einnig hvatt til þess að starfsfólk skólans eigi góðar stundir saman utan vinnunnar og reynt að leggja starfsmannafélagi skólans lið.

## Áherslur skólans í kreppunni

### NEMENDUR

- Eflum ráðgjöf
- Verjum námsframboð skyldugreina
- Tryggjum eðlileg flæði
- Aukum aðhald

### STARFSFÓLK

- Verjum störf
- Verjum ráðningar-hlutfall eins og hægt er
- Verjum réttindi
- Stöndum saman

## Horft til framtíðar

### skóli í mótun

Mikilvægt er að horfa til framtíðar og sjá til þess að stundarerfiðleikar valdi því ekki að framtíðarsýn glatist. Í MS verður áfram unnið að því að gera góðan skóla betri.

#### Menntaskólinn við Sund

Skólinn vinnur að því að hanna nýtt kerfi, lotubundið bekkjarkerfi, sem á að koma til framkvæmda í ágúst 2010. Einnig er unnið að því að skrifa nýja námskrá og verður nám við skólann í ríkari mæli en áður byggt á verkefnatengdu námi þar sem áherslur skólans um náttúrulæsi, menningu og sögu munu birtast í uppbyggingu allra námsgreina við skólann.

Unnið er að því að lotubundna bekkjarkerfið verði rekstrarlega hagkvæmara en núverandi bekkjarkerfi og verður það sérhannað utan um vinnutíma nemenda.

#### Menntamálaráðuneyti

Unnið er að útgáfu almenns hluta aðalnámskrár og sniðmáti um þrepa-skiptingu náms. Samþykkt hafa verið ný lög um öll skólastig og menntun kennara. Skólar fá meira frjálsræði en áður varðandi gerð skólanámskrár. Eftir er að ganga frá samningum um breyttan vinnutíma og útfæra nánar hvernig staðið verður að lengingu skólaársins. Afar mikilvægt er að lausn finnist fljótlega í þessu máli.

## REKSTRARSTAÐAN FYRIR FALLIÐ OG HORFUR NÆSTU ÁR FRH.

Menntaskólinn við Sund hefur þegar gripið til flestra tiltækra ráða varðandi aðhald í rekstri. Boðaður niðurskurður í fjárframlögum á næstu árum er af þeirri stærðargráðu að útilokað er að skólinn geti einn og óstuddur og með óbreytta grunnstarfsemi náð þeim markaðum að reka skólann innan ramma fjárlaga.

Ríkið og yfirvöld menntamála verða að koma þar að. Skilgreina þarf hvaða þjónusta á að vera í boði og fyrir hverja. Þar sem launakostnaður vegur afar mikið í heildarrekstrarkostnaði skólans er hverjum manni ljóst að ef boðaður niðurskurður næstu ára á að ná fram þarf að hreyfa við samningum. Það er hvorki í valdi skólameistara að víkja frá samningum né heldur innan þeirra verksviðs. Hér sárvantar stefnumótun ríkisins.